

AUGLÝSING**um skipulag í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Kaldrananeshrepps í Strandasýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 405.

14. desember 1973.

AUGLÝSING**um skipulag í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Skilmannahrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 406.

18. desember 1973.

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Grindavíkurhreppi.****1. gr.**

Grindavíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum öllum fasteignum á skipulögðum svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Grindavíkur.

2. gr.

Sorp frá íbúðarhúsum, verslunum, veitingastöðum, verbúðum o. s. frv. innan kaupsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, eða henni komið fyrir í sérsníðuðum skáp. Grindinni